

Ársskýrsla Drafnarhúss 2018

Drafnarhús er sérhæfð dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun og er staðsett við Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Rekstraraðili er Alzheimer samtökin og Hafnarfjarðarbær útvegar húsnæði undir starfseminu. Húsnæðið hentar sérlega vel og er lögð er áhersla á að umhverfið sé hlýlegt og heimilislegt. Leyfi eru fyrir 22 einstaklinga daglega frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Í byrjun árs var langur biðlisti eftir að komast að í Drafnarhúsi, en í lok árs hafði fækkað verulega á listanum. Það voru 18 einstaklingar sem innrituðust á árinu og 17 einstaklingar sem útskrifuðust. Á síðasta ári voru 44 einstaklingar sem nýttu sér þjónustuna, af þeim voru 32 sem bjuggu með maka eða börnum og aðeins 12 sem bjuggu einir. Meðalbiðtími eftir að komast að voru níu mánuðir sem er heldur styttri biðtími en síðustu tvö ár (12 mánuðir árið 2017 og 13.4 mánuðir árið 2016). Af þeim sem útskrifuðust fóru sjö beint á hjúkrunarheimili, einn útskrifaðist heim (líkaði ekki að vera í dagþjálfun), einn lést og átta fóru í biðpláss á LSH. Meðalbiðtími þeirra sem fóru á hjúkrunarheimili voru sex mánuðir og hefur hann lengst milli ára. Sá sem beið lengst beið í tæplega tíu mánuði en sá sem beið styst beið í tvo mánuði. Í árslok voru níu einstaklingar með gilt færni og heilsumat.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar milli ára hér aftast.

Starfsemin

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda.

Aðstoð við ADL miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins og kostur er með hans eigin þátttöku. Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegisdag. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfsemina og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Einnig hefur starfsfólk sótt námskeið á þessum dögum.

Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Fjölskyldufundir með lækni hússins eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga. Það voru 18 (af 44) einstaklingar sem fengu Færni- og heilsumat á árinu og er það svipaður fjöldi og síðustu ár.

Opið hús fyrir aðstandendur með fræðslu og skemmtun var haldið á haustmisseri og var það vel sótt. Mökum var boðið að vera með á þorablóti og í jólamat, einnig var þeim boðið að koma með í vorferð og í haustferð. Þátttaka maka er ávallt góð.

Starfsmenn

Í lok árs 2018 störfuðu níu starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,7 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur sem er forstöðumaður, fjórir sjúkraliðar, félagsfræðingur, þroskaþjálfari, þjóðfræðingur og einn ófaglærður starfsmaður. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi á árinu og kom aftur til starfa s.l. haust.

Á vordögum fóru starfsmenn í námsferð til New York ásamt starfsfólki úr Maríuhúsi. Hópurinn skoðaði þjónustumiðstöðina Lenox Hill á Manhattan, þar er rekin lítil dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun.

Það var mjög áhugavert að kynna þessari satfrssemi sem er mjög ólík því sem við þekkjum hér á landi, sjá nánar um Lenox Hilla á vefslóðinni <https://www.lenoxhill.org/careprogram>

Einnig heimsóttum við MoMa listasafnið á Manhattan, en þar tók á móti okkur Francesca Rosenberg og kynnti hún fyrir okkur starfsseminu. Hún hefur stýrt verkefni sem nefnist *Meet me at MoMa* sem tileinkað er einstaklingum með heilabilun. Francesca kom til Íslands haustið 2017 og var með fyrirlestur um þetta verkefni. Sjá nánar vefslóðina <https://www.moma.org/meetme/index>

Forstöðumenn Drafnarhúss og Fríðuhúss fóru á *Alzheimer Europe* ráðstefnu sem haldin var í Barcelona á Spáni í nóvember. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Making dementia a European priority* og var hún mjög áhugaverð og lærdómsrík.

Aðkeypt þjónusta, sjálfboðaliðar og nemar

Læknisþjónusta kemur frá Landakoti, Björn Einarsson öldrunarlæknir kemur vikulega í hús. Hægt er að hafa samband við lækni þess á milli ef þörf krefur. Boðið er upp á flutning milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn frá upphafi. Sólar ræstingarfyrtæki sér um þrífing þrjá daga í viku. Hádegismatur kemur frá Matborðinu. Fótaaðgerðafræðingur kemur reglulega í húsið og sinnir þeim sem þurfa að fá fót snyrtingu.

Magnea Tómasdóttir söngkona sem hefur sérhæft sig í tónlistariðkun með fólki með heilabilun kom til okkar mánaðarlega á vormisseri ásamt Pálmari Ólafssyni píanóleikara. Við fengum marga gesti til okkar á árinu eins og fyrri ár. Einnig sjálfboðaliða sem glöddu okkur með skemmtun ýmiss konar. Einnig hafa hjúkrunarnemar, sjúkraliðanemar og félagsliðanemar komið til okkar og fengið kynningu á starfseminni.

Lokaorð

Starfsemin í Drafnarhúsi hefur gengið vel þetta árið eins og fyrri ár og hafa skjólstaðingar og aðstandendur verið sáttir við þjónustuna. Mikil gleði ríkir í okkar daglega starfi og stefnum við að því að halda áfram á sömu braut. Starfsmennirnir eru samheldinn og metnarfullur hópur og markmið okkar er að viðhalda sjálfstæði einstaklinga eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni þeirra og stuðla þannig að lengri búsetu heima.

Síðustu ár hefur dregið úr því að fólk komist beint á hjúkrunarheimili héðan úr Drafnarhúsi og þess í stað þurfa einstaklingar að fara í gegnum bráðamóttökuna og lenda síðan í biðplássi á Vífilstöðum eða á Akranesi eða í Borgarnesi. Þetta er viðkvæmur hópur og finnst mér þetta ferli vera óásættanlegt fyrir einstaklinga með langt gegna heilabilun. Því miður eru skjólstaðingar Drafnarhúss ekki í forgangi að komast að á Sólvangi eða á Hrafnistu í Hafnarfirði. Það vanar úrræði eins og sambýli fyrir einstaklinga með heilabilun hér í Hafnarfirði, sem rekið er með sömu hugmyndafræði og Drafnarhús. Sambýli mun gagnast þeim sem eru vel á sig komnir líkamlega en eiga erfitt með að búa einir vegna heilabilunar, ég tel að það séu meiri lífsgæði fyrir þá einstaklinga að búa á sambýli heldur en á hjúkrunarheimili.

Hafnarfjörður 25. mars 2019

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss

	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	44	40	48	48	43	53	44
Innskriftir	18	13	23	22	18	27	20
Útskriftir	17	14	21	23	17	28	18
Meðalbiðtími eftir innskrift	9 mán	12 mán	13,4 mán	1,6 mán	5,7 mán	5 mán	8 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	23 mán	21 mán	14,2 mán	12 mán	14,2 mán	18,9 mán	17,7 mán
Mest	63,5 mán	107 mán	45,8 mán	32,7 mán	48 mán	84 mán	64 mán
Minnst	2,5 mán	2,8 mán	1,5 mán	1,3 mán	15,5 mán	0,5 mán	1 mán
Meðalaldur	80	78	78	79,8	79,3	81,4	81,5
aldursbil	60-93	55-93	55-92	59-94	58-93	57-92	58-91
Konur	25	24	33	30	23	23	23
Karlar	19	16	15	18	20	30	21
Búa með maka(börnum)	32/48	23/40 4/48	30/48 4/48	27/48 4/48	28/43	32/53	31/44
Búa einir	12/44	13/40	14/48	17/48	15/43	21/53	13/44
Heimþjónusta (hjúkrun og eða félagslega þjónustu)	24/44	17/40	18/48	23/48	24/43	35/53	24/44
Aðstoð við böðun D.húsi	24/44	20/40	29/48	29/48	31/43	40/53	Ekki athugað
Aðstoð við lyfjagjafir í D	24/44	10/40	20/48	18/48	18/43	14/53	Ekki athugað
Fóru í hvíldarinnlögn	17 í 25 innlögnum	20 í 26 innlögnum	19 í 20 innlögnum	15 í 17 innlögnum	19 í 24 innlögnum	22 í 28 innlögnum	20 einstaklingar
Samtals mán í hvíld.	19,5 mán	14,4 mán	15,5 mán	12 mán	18,5 mán	24,2 mán	15 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	39/44	26/40	32/48	39/48	40/43	46/53	39/44
Fengu Færni og heilsumat	18/44	19/40	18/48	18/48	15/43	22/53	Ekki athugað
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	6 mán	4,1 mán	2,1 mán	1,9 mán	1 mán	2,2 mán	Ekki athugað
Mest	9,6 mán						
Minnst	2 mán						
Sjúkrahúsinnlagnir	10 innlagnir (8 einst.)	9 innlagnir (8 einst.)	22 innlagnir (15 einst.)	22 innlagnir (19 einst.)	14 innl. (11 einst.)	29 innl. (21 einst.)	13 innlagnir (12 einst.)
Útskrift á spítala	8/44	3/40	8/48	9/48	3/43	3/53	3/41
Andlát (heima eða á spítala)	1	0	1	3	0	2	2